

Ed.

912. Breytingartillögur

við frumv. til laga um fasteignamat (þingskj. 896).

Frá nefndinni.

1. Við 4. gr. í síðustu línu. Fyrir »fímtán« (sem er prentvilla) komi:
fímtíu.
2. Við 8. gr. í fyrstu línu. Fyrir »nákvæmlega« komi:
í fám orðum.
3. Á eftir 8. gr. komi ný gr., sem verði 9. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsanna kann að fara fram úr þriðjungum af matsverði jarðar, svo og verði þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

Húsaskattur af skattskyldum húsum, skal tekinn af mats-

verði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar eða lóðar-
rjettinda, er hverri húseign fylgir.

Greintalan breytist samkvæmt því.

4. Við 13. gr. í fimtu línu. Fyrir »jörðina« komi:
fasteignina.
5. Við sömu gr. í 6. línu. Fyrir »yfirskattanefndar« komi:
yfirmatsnefndar.
6. Við 17. gr. í fyrstu línu. Fyrir »14 gr.« komi:
16. gr.